



631. fundur stjórnar SASS

haldinn á Austurvegi 56

föstudaginn 5. desember 2025, kl. 12:30

Pátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, , Arnar Freyr Ólafsson, Jón Bjarnason í fjarveru Árna Eiríkssonar, Brynhildur Jónsdóttir, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Jóhannes Gissurarson, Helga Jóhanna Harðardóttir og Gauti Árnason. Sandra Sigurðardóttir varaformaður situr fundinn á Teams.

Fundinn situr einnig Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Lína B. Tryggvadóttir, Stefán F. Friðriksson og Ingvi M. Guðnason sitja jafnframt fundinn undir lið 1. og lið 2.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

1. Kynning á Eyjagöngum ehf.

- a. Haraldur Pálsson framkvæmdastjóri nýs félags, Eyjagöng ehf. kynnti félagið og áform þess um að hefja rannsóknarboranir vegna mögulegra jarðgangna til Vestmannaeyja. Stjórn SASS hefur jafnframt samþykkt að framkvæmdastjóri samtakanna taki sæti í stjórn félagsins.

2. Uppbyggingarsjóður og áhersluverkefni

- a. Lína Björg verkefnastjóri byggðamála fór yfir úthlutun fagráðs fyrir Uppbyggingarsjóð og tillögur að áhersluverkefnum fyrir árið 2026. Listi yfir úthlutanir verður birtur sérstaklega auk þess sem allir umsækjendur fá póst vegna sinna umsókna. Einnig kynnti Lína tillögur að breytingum á Uppbyggingarsjóði til samræmis við úthlutanir annara landshlutasamtaka, vegna breyttra áherslna með nýju samræmdu umsóknarkerfi fyrir sjóðinn.
Stjórn samþykkir tillögur fagráðs um úthlutanir úr uppbyggingarsjóði.
Stjórn samþykkir að tillaga um breytingar á tíðni úthlutunar úr uppbyggingarsjóði verði lögð fyrir næsta fund stjórnar til ákvarðanatöku.

- b. Lína Björg tilkynnti að faghópur stjórnar muni fara yfir tillögur til áhersluverkefna í næstu viku og leggja fyrir fund stjórnar í janúar.

3. Funda- og starfsáætlun SASS 2026

- a. Lagt fram til umræðu og samþykktar, fundaáætlun stjórnar og starfsmanna annarsvegar og starfsáætlun starfsmanna SASS hins vegar.
Stjórn samþykkir áætlanirnar.

4. Erindi frá Sorpstöð Suðurlands

- a. Á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) þann 24. október sl. voru samþykktar tillögur stjórnar SOS sem varða breytingu á umgjörð og rekstri SOS, sem þarfnast aðkomu SASS. Að fenginni afgreiðslu aðalfundar SOS vegna breytinganna hefur verið unnið að drögum að samningi á milli SASS og SOS henni til samræmis ásamt kostnaðargreiningu, viðauka við fjárhagsáætlun SOS, starfslýsingu viðkomandi starfsmanns o.fl. Vinna þessi hefur átt sér stað með aðkomu formanna og



varaformanna stjórna SASS og SOS í samvinnu við framkvæmdastjóra SASS ásamt því að fengin hefur verið aðkeypt lögfræðipjónusta vegna verkefnisins á kostnað SOS.

Í stuttu máli fela umræddar breytingar í sér að SOS verði áfram til sem lögaðili með lagalegar skuldbindingar og skyldur gagnvart aðildarsveitarfélögum til rækslu þeirra verkefna sem samþykktir þess kveða á um. Með samningi við SASS verði öll verkefni og faglegt starf unnin hjá SASS. Stjórn SOS muni starfa áfram en fari ekki með daglegan rekstur byggðasamlagsins með sama hætti og nú er. Fela breytingarnar jafnframt í sér að starfsmaður verði ráðinn til SASS, til þess að sinna verkefnum og starfsemi SOS. Starfsmaðurinn muni vinna að greiningu tækifæra til samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SOS og SASS í úrgangsmálum og hvað nánara samstarf á þessum vettvangi getur haft í för með sér til hagsbóta fyrir sveitarfélög á svæðinu, þ.m.t. með tilliti til fyrirbyggjandi greininga á úrgangsstraumum og möguleikum á sjálfbærni og hagræðingu. Vinna þessi skal þannig ekki einungis ná til sveitarfélaga á starfssvæði SOS, heldur einnig þeirra aðildarsveitarfélaga SASS sem standa utan SOS. Starfsmaðurinn myndi einnig nýtast SASS, að hluta, í öðrum tilfallandi verkefnum á sviði úrgangsmála, og myndi heyra undir boðvald framkvæmdastjóra SASS.

Fjármögnun framangreindra verkefna, undirbúnings breytinganna og kostnaðar verið rekstur verkefna SOS og framangreinds stöðugildis verður tryggt í fjárhagsáætlun SOS fyrir viðkomandi tímabil.

Stjórn SOS samþykkti á fundi sínum þann 2. desember sl. að leggja eftirfarandi gögn til afgreiðslu á aukaaðalfundi SOS sem fyrirhugaður er eigi síðar en 12. janúar 2025 vegna breytinganna:

- Samningur milli SASS og SOS
- Tillaga að breytingu á samþykktum SOS
- Kostnaðargreining
- Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun SOS
- Drög að starfslýsingu v. fyrirhugaðrar ráðningar í stöðugildi hjá SASS til að sinna verkefnum SOS

Fyrirliggjandi er formlegt erindi stjórnar SOS til SASS vegna breytinganna á umgjörð og rekstri SOS þar sem óskað er eftir því formlega við stjórn SASS að samþykkt verði aðkoma SASS að verkefninu í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirbyggjandi samningsdrög. Í framhaldinu verði málið sent til aðildarsveitarfélaga SASS til samþykktar og stefnt að því að afgreiðsla þeirra vegna málsins liggi fyrir á fyrirhugaðri tímasetningu aukaaðalfundar SOS 12. janúar 2025.

Stjórn samþykkir aðkomu SASS að verkefninu í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og fyrirbyggjandi samningsdrög með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga SASS. Samþykkt er að senda málið til afgreiðslu aðildarsveitarfélaga SASS til samþykktar og formanni falið að fylgja málinu eftir.



5. Úttekt og endurskoðun á innra skipulagi SASS

- a. Framkvæmdastjóri fór yfir tillögur KPMG að innra skipulagi samtakanna. Drögin rædd og framkvæmdastjóri falið að vinna málið áfram með ráðgjafa úr frá umræðum á fundi. Boðað verður til fundar stjórnar og KPMG þegar tillaga liggur fyrir.

6. Önnur mál

- a. Sigurhæðir ses hefur óskað eftir tilnefningu í stjórn og fulltrúaráð Sigurhæða. Stjórn SASS bókar eftirfarandi:
„Stjórn samtaka sunnlenskra sveitarfélaga / SASS telur heillavænlegast að í stjórn Sigurhæða ses. verði tilnefnt fagfólk sem þekkir vel eðli og inntak þjónustunnar og þarfir þjónustunotenda. Stjórn leggur því til að Heiða Ösp Kristjánsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs í Svf. Árborg verði skipuð í stjórn sjálfseignarstofnunarinnar og Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri Velferðarþjónustu Árnesþings til vara. Auk þess leggur stjórn til að Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri Félags- og skólaþj. R&V-S. verði tilnefnd í fulltrúaráð Sigurhæða ses.“.

Samþykkt samhljóða.

- b. Umsögn um þingmál er varðar innleiðingu landsbyggðarmat í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda. Lagt er til að SASS taki þátt í sameiginlegri umsögn með öðrum landshlutasamtökum sem verður send beint til ráðherra. Samþykkt samhljóða.
- c. Umsögn um atvinnustefnu Íslands. Stjórn samþykkir framlagða umsögn og felur framkvæmdastjóra að senda hana inn.

7. Lagt fram til kynningar

- a. Ályktun um stöðu tónlistamenntunar á Íslandi
- b. Fundargerð 131. Fundar stjórnar SSNV
- c. Fundargerð 988. Fundar Sambandsins

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:07

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 9. Janúar 2026 á Teams